

EFTIRLITSSKÝRSLA

Gallon ehf. Krossanesi



Dags eftirlits	21.4.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Gallon ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Skútuvogi 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	630921-2280	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Steinar Guðnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	540523,391 578828,293

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirlitinu en ein ábending var sett fram um skráningar á tryggingaskírteini vegna bráðamengunar hafs og stranda.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57.gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirliti.

Um er að ræða olíubirgðastöð rekstraraðila í Krossanesi, Akureyri. Heimilt er að geyma allt að 7.304 m³ af olíu í stöðinni og allt að 1.170 m³ af bensíni. Þá er heimil móttaka á allt að 2.000 tonnum af úrgangsolíu í stöðinni á ári. Í stöðinni eru geymd bensín, MGO, AGO, dísel - og úrgangsolía.

Boðað umfang eftirlitsins var eftifarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlunar og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit árið 2021 og engin ábending var sett fram.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum eða umfangi stöðvarinnar frá síðasta eftirliti.

8 standandi stálgeymar eru í stöðinni. Allir geymarnir hafa verið þykktarmældir á síðustu 10 árum og er næsta þykktarmæling á geymi merktum nr. 602-B207, nú í ár. Fimm löndunarlagnir voru þrýstiprófaðar árið 2019 og er því næsta prófun árið 2024. Aðrar lagnir voru prófaðar árið 2020. Minnt er á að þrýstiprófa skal lagnirnar á 5 ára fresti skv. gr. 4.2 í starfsleyfi. Undantöppun geyma er sett beint í olíuskilju.

Tvær olíuskiljur taka við frárennslu frá lekaþróm og áfyllingarplani stöðvarinnar. Fer það um sandfang og þaðan til olíuskiljanna. Sjálfvirkir lokar eru fyrir olíuskiljurnar og lokast þeir sjálfkrafa, greinist olía í frárennslu stöðvarinnar. Gera þarf prófun á aðvörunarbúnaði með reglulegum hætti svo öruggt sé að hann virki sem skildi og bæta skráningum um það í rekstrarhandbók. Skiljurnar eru yfirlarnar og þrifnar eftir þörfum en eru hreinsaðar og losaðar að lágmarki árlega. Skiljurnar voru síðast tæmdar og hreinsaðar þann 12. október. sl. og sá Hreinsitækni ehf. um það verk. Mælingu á olíu í fráveitu skiljanna skal gera að lágmarki þriðja hvert ár skv. gr. 4.2 í starfsleyfi og var síðasta mæling gerð árið 2021.

Aðstaða fyrir áfyllingu og losun flutningabíla fyrir olíu og bensín er á lóð stöðvarinnar og er áfyllingaplaníð olíuhelt og tengt olíuskilju. Búnaður fyrir litun og biöndun þegar fyllt er á bíla, löndun olíu og bensíns úr skipum, lestun olíu í skip og annar búnaður er í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 35/1994. Löndun olíu

er sameiginleg með Olíudreifingu og er landað að meðaltali einu sinni í mánuði. Gengið var að löndunarbúnaði á bryggju. Kranar, barkar og annar búnaður var geymdur í læstum geymslum, svæðið var snyrtilegt á að líta og engar athugasemdir gerðar þar um.

Ekki er krafa um að stöðin í Krossanesi hafi gufusöfnunarþunað þar sem skv. 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirliggjandi geymar með föstu þaki í olíubirgðastöðvum undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað.

Daglegar skráningar eru gerðar á mánaðarblöð í rekstrarhandbók. Farið var yfir þær skráningar í eftirlitinnu og rætt um að bæta við skráningum varðandi prófun á viðvörunarbúnaði olíuskilja. Almennt viðhald er skráð sem og eftirlit og bilanir á mengunarvarnarþunaði. Rafræn rekstrarhandbók er einnig til staðar inni í CCQ gagnagrunni sem aðgengilegur er öllum starfsmönnum bæði i tölvu og síma, fyrir allar stöðvar rekstraraðila. Öryggisblöð skv. REACH eru vistuð í rafrænni rekstrarhandbók sem og útprentuð í möppu sem aðgengleg er á verkstæði stöðvarinnar.

Spillieflum sem falla til við reksturinn s.s. olíublautar tuskur, eru sótt af Terra, sem og annar almennur úrgangur frá stöðinni.

Engin mengunaróhöpp hafa orðið í stöðinni og engar kvartanir hafa borist til rekstraraðila, né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, sem og verlagsreglur um löndun olíu eru til staðar í stöðvarhúsi og á sameiginlegu drifi rekstraraðila. Minnt er á að uppfæra þarf allar áætlanir m.t.t. mannabreytinga eftir nafnabreytingu frá Skeljungi yfir í Gallon.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, er til staðar en endurnýjað skírteini verður sent eftirlitsaðila um leið og það berst rekstraraðila. Rætt var um skráningar tryggingafélaganna og að óska þurfi efir því að gefið verði út sér skírteini fyrir hvert og eitt starfsleyfi. Ekki er heimilt að allar starfsstöðvar séu á einu og sama skírteininu. Í skírteini rekstraraðila frá árinu 2020 eru allar starfsstöðvar á einu skjali og er því gerð ábending þar um. Rekstraraðili sendi eftirlitsaðila fullnægjandi tryggingaskírteini þann 25. apríl sl.

Gengið var um stöðina, lekavarnir, lagnir, geymar og brunnar við olíuskiljur voru sjónskoðaðir. Hlið stóð læst þegar að var komið og girðingar voru heilar og í lagi. Stöðin var öll snyrtileg á að líta. Olíusmit var á loka við úrgangsolíugeymi og bent er á að ganga þurfi betur frá því.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR skv. gr. 2.8 í starfsleyfi, þurfi að gilda fyrir hvert og eitt starfsleyfi rekstraraðila. Í skírteini rekstraraðila frá árinu 2020 eru alls sex starfsstöðvar á einu skjali og tekið fram að „hámarksbætur vegna bráðamengunar takmarkist við eina milljón SDR vegna hvers vátryggingaratburðar og samanlagt vegna allra vátryggingatburða á hverju vátryggingatímabil“¹. Ekki er því hægt að skilja trygginguna á annan hátt en að 1 milljón SDR skiptist á milli stöðvanna sex og því verður ákvæði gr. 2.8 ekki uppfyllt. Rekstraraðili skal því skila inn sér skírteini fyrir hvert og eitt starfsleyfi. Rekstraraðili sendi eftirlitsaðila fullnægjandi tryggingaskírteini þann 25. apríl sl.

ANNAÐ

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölín.

Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Reykjavík, 12.05.2023


Guðbjörg Stella Árnadóttir

¹ Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

² Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.